

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 19/2000

frá 25. febrúar 2000

um breytingu á II. viðauka (tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2000 frá 4. febrúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/11/EB frá 8. mars 1999 um aðlögun að tækniframförum á meginreglunum varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir eins og um getur í tilskipun ráðsins 87/18/EBE um samhæfingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á efnum⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/12/EB frá 8. mars 1999 um aðra aðlögun að tækniframförum á viðaukanum við tilskipun ráðsins 88/320/EBE um skoðun og sannprófun á góðum starfsvenjum við rannsóknir⁽³⁾, skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/33/EB frá 10. maí 1999 um breytingu á tilskipun ráðsins 67/548/EBE að því er varðar merkingu tiltekinna hættulegra efna í Austurríki og Svíþjóð⁽⁴⁾, skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/73/EB frá 19. júlí 1999 um að bæta virku efni (spíroxamíni) við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽⁵⁾, skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjt.íð. EB L 77, 23.3.1999, bls. 8.

⁽³⁾ Stjt.íð. EB L 77, 23.3.1999, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjt.íð. EB L 199, 30.7.1999, bls. 57.

⁽⁵⁾ Stjt.íð. EB L 206, 5.8.1999, bls. 16.

- 6) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/80/EB frá 28. júlí 1999 um að bæta virku efni (asímsúlfúron) við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽⁶⁾, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 67/548/EBE) í XV. kafla í II. viðauka við samninginn:

- **399 L 0033:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/33/EB frá 10. maí 1999 (Stjtið. EB L 199, 30.7.1999, bls. 57).“

2. Eftirfarandi bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 87/18/EBE) í XV. kafla í II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 L 0011:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/11/EB frá 8. mars 1999 (Stjtið. EB L 77, 23.3.1999, bls. 8).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun ráðsins 88/320/EBE) í XV. kafla í II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0012:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/12/EB frá 8. mars 1999 (Stjtið. EB L 77, 23.3.1999, bls. 22).“

4. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla í II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0073:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/73/EB frá 19. júlí 1999 (Stjtið. EB L 206, 5.8.1999, bls. 16),

- **399 L 0080:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/80/EB frá 28. júlí 1999 (Stjtið. EB L 210, 10.8.1999, bls. 13).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 1999/11/EB, 1999/12/EB, 1999/73/EB og 1999/80/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/33/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 210, 10.8.1999, bls. 13.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.